



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Ræða Katrínar Júlíusdóttur, iðnaðarráðherra, á aðalfundi

Samtaka ferðapjónustunnar

Hilton Reykjavík Nordica,

Þriðjudaginn 23. mars 2010 kl. 13-15:15.

Góðir aðalfundargestir!

Ég óska ykkur til hamingju með daginn og þennan glæsilega aðalfund Samtaka ferðapjónustunnar.

Það er mikið ferðamannasumar í vændum og hér innanlands erum við í þeirri ánægjulegu stöðu að vangaveltur eru uppi um það hvort við munum anna eftirspurn og geta veitt öllu ferðafólki boðlega þjónustu yfir háannatímann. Það er mikil áskorun og við þurftum ekki sérstaklega á túristagosi að halda til þess að trekkja ferðafólk til landsins. Á hinn bóginn er gos ætíð alvörumál og á þeim slóðum þar sem eldar loga nú gæti framvindan breyst á skömmum tíma yfir í stórhættu fyrir fólk, fé og einnig flug. Ferðapjónustan er ákaflega viðkvæm fyrir öllum truflunum á flugi og því skiptir miklu máli að kjaramál kringum flugið leysist án stórvandræða. Náttúruöflunum stjórnnum við ekki og getum aðeins gætt öryggis og brugðist skynsamlega við þeim. En við hljótum líka að gera kröfu til þess að flugið verði ekki stöðvað af ástæðum sem við getum ráðið fram

úr sjálf. Til þess er of mikið í húfi nú og erfiðar aðstæður í efnahagslífinu fyrir þjóðarbúið.

Enginn gerir lengur lítið úr hlutverki ferðaþjónustunnar í efnahagslífi landsins. Þvert á móti er hún nú talin til burðarása atvinnulífsins og ein helsta vaxtargrein næstu tíu ára. Hún aftar um 20% gjaldeyristekna þjóðarinnar. 155 milljarðar króna komu í kassann á s.l. ári og var það aukning um 46 milljarða milli árána 2008 og 2009. Raunaukning gjaldeyristeknanna milli ára telst vera um 21% og það munar um minna.

Þrátt fyrir fjármálakreppu á helstu markaðssvæðum og almennan samdrátt í ferðalögum hefur íslensk ferðaþjónusta því haldið sjó og ekki tapað markaðshlutdeild. Erlendum ferðamönnum fjölgaði lítilega á árinu, ef farþegar skemmtiferðaskipa væru taldir með, en meðalneysla á hvern ferðamann, á meðan á dvöl stendur í landinu, jókst á hinn bóginn umtalsvert.

Þannig er fjölgun ferðamanna, t.d. Japana, sem jafnan verja miklum fjármunum í landinu mikið ánægjuefni.

Ferðamálastofa segir ennfremur að upplýsingar frá fyrirtækjum sem annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna verslunar erlendra ferðamanna á Íslandi gefi til kynna stóraukin útgjöld vegna verslunar. Fargjaldatekjur hafi hins vegar lækkað milli ára. Um 90% landsmanna ferðuðust innanlands sl. ár en gera má

ráð fyrir að ferðalög Íslendinga til útlanda taki að aukast að nýju á þessu ári eftir mikinn samdrátt á sl. ári.

Á heildina litið getum við því verið ánægð með góðan árangur á óvissutímum. Þar ræður lágt gengi krónunnar og hagstætt verð sjálfsagt miklu en einnig skjót viðbrögð ferðaþjónustufyrirtækja og opinberra aðila við breyttum aðstæðum og góð reynsla ferðamanna af komu hingað til lands. Það er því ekki að ástæðulausu að bjartsýni og sjálfstraust einkenna íslenska ferðaþjónustu um þessar mundir.

Ferðaþjónustan hefur þann megin kost umfram margar aðrar atvinnugreinar að koma við sögu allsstaðar á landinu, í borg og bæ, í sveit og við sjó og milli fjalls og fjöru. Ein helsta niðurstaða svokallaðra þjóðfunda á vegum Sóknaráætlunar 20/20 sem haldnir hafa verið undanfarna laugardaga í öllum landshlutum er sú að ferðaþjónusta er það sem koma skal. Allir vilja nú kveða þá Lilju, byggja upp fyrir ferðamenn, gera út á ferðamenn og skapa atvinnu kringum ferðaþjónustuna. Þessi almenni áhugi kallar á stýra stefnu og mikið utanumhald til þess að tryggja gæði, fjölbreytni og fagmennsku sem skipta öllu máli í framhaldinu. Við verðum að búa þannig um hnúta að þegar gengi og verð leita aftur í nýtt jafnvægi standi ferðaþjónustan eftir á traustum fótum vegna framúrskarandi viðmóts, gæða og fjölbreyttra upplifana.

Við erum að gera ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi úr fimm hundruð þúsund í eina milljón til 2020. Þá vaknar sú stóra spurning: Hvernig eigum við að taka á móti helmingi fleiri ferðmönnum en nú án þess að af verði landsspjöll eða útrýming á þeim sérkennum og upplifunum sem laða þá hingað?

Ég er sannfærð um að til þess að vel fari þurfum við nýja sýn á þetta stóra viðfangsefni, skapandi hugsun sem opnar nýjar víddir.

Ég stefni að því að leggja fram nýja ferðamálastefnu næsta haust í náinni samvinnu við nýtt og öflugt ferðamálaráð. Ferðamálaráð, Ferðamálastofa, SAF, ráðuneytið og Nýsköpunarmiðstöð leiða saman hesta sína í þessu verkefni. Á þessum vettvangi verður fengist við að svara spurningunni sem ég nefndi áðan: Hvernig eigum við að taka á móti helmingi fleiri ferðmönnum en nú?

Hugmyndin er að takast á við fá meginmál sem samkomulag gæti náðst um að beina kröftunum að á næstu árum.

Áleitin spurning í þessu efni er hvernig við komum á heilsársferðamennsku á Íslandi til þess að nýta mannvirki og mannskap allt árið og vera í stakk búin til þess að mæta fjölgun ferðafólks. Dæmi Finna sem við munum heyra meira um hér á eftir frá Marianne Krause „Finish snow how“ og getur verið okkur góð fyrirmynd. Þeim tókst í miðri kreppu að byggja upp vetrarferðamennsku sem skilar þeim nú meiri tekjum heldur en sumarvertíðin og er ákaflega fróðlegt

fyrir okkur. En Ísland er úthafseyja og ekki hluti af meginlandi einsog Finnland, og við getum ekki yfirfært reynslu annarra nema laga hana að okkar aðstæðum og veðurfari, og finna út hvað það er sem getur laðað ferðamenn hingað allt árið.

Eitt er víst að það er ekki sérstaklega aðlaðandi fyrir ferðamenn ef mestur hluti þjónustustaða lokar í september víðast á landinu. Lokað land laðar ekki að sér ferðamenn.

Mér segir svo hugur að veðrið og hin síbreytilega en tæra birta norðursins séu okkar stóru tromp sem við höfum ekki markaðssett nægilega vel til þessa. Síbreytileiki veðurs og birtu gerir hvern sólarhring að ævintýri á Íslandi – fyrir okkur náttúrulega sem fáum þetta ókeypis – en ekki síður fyrir útlendinga. Og þetta er sameiginlegt einkenni allra árstíða á hinni miklu úthafseyju okkar.

Möguleikar okkar í ferðapjónustu eru hvergi nærri tæmdir. Það sýnir m.a. sú ríka tilhneiging sem nú verður vart að tengja ferðapjónustu við flest fyrirbæri í samtímanum. Við heilsu, lækningar, menningu, sögu, tónlist og fleira og fleira. Og við sjáuum líka að ýmis ferðapjónustufyrirtæki eru að leita hófanna hjá nýjum markhópum eins og köfurum, sjóstangaveiðimönnum, fuglaskoðurum og fleiri hópum sem víða fara í heiminum. Allt er þetta til vitnis um þá möguleika sem menn sjá í ferðapjónustunni.

Heilsuferðapjónusta á breiðum grunni er eitt af því sem ég sé sem tækifæri til þess að bjóða nýja vöru og lengja ferðamannatímunn ásamt vöruþróun og nýsköpun. Fljótlega eftir að ég tók við embætti setti ég af stað starfshóp um heilsuferðapjónustu undir stjórn Magnúsar Orra Schram alþingismanns. Haldinn var fjölmennur fundur í Reykjavík í byrjun nóvember sem sýndi ótvírætt hve mikill áhugi er á þessari tegund ferðapjónustu. Í janúar var síðan blásið til stofnfundar Samtakanna Heilsulandsins Íslands og starfar Sunna Þórðardóttir á Ferðamálastofu fyrir samtökin. Þau stefna að markaðssetningu undir sameiginlegu merki íslenskra heilsuferðapjónustu en skilgreina heilsuferðapjónustu mjög vítt og undir hana má fella þaðmenningu, nýtingu heita vatnsins til heilsuþótar, óspillta náttúru, gæði íslenskra matvæla, útivist og svo framvegis. Við eigum frábæra frumkvöðla í íslenskri ferðapjónustu og vonandi taka þeir sem flestir þátt í starfi þessara nýju samtaka. Miklar væntingar eru til fermanna sem skilja mikið eftir sig. Ferðast langar leiðir frá Evrópu og Bandaríkjunum og við getum boðið þeim eitthvað alveg sérstakt.

Eitt af okkar stóru tækifærum er tónlista- og ráðstefnuhúsið Harpa við Reykjavíkurböfn. Við sjáum nú fyrir okkur hversu glæsilegt húsið verður og nýleg kynning Ráðstefnuskrifstofu Íslands á möguleikum þess sýndi fram á að sú tegund ferðapjónustu sem tengist menningu, listum og ráðstefnum fær allt aðra umgjörð en hingað til hefur verið í boði. Það er okkur öllum

tilhlökkunarefni að geta kynnt Hörpu sem framvörð í íslenskri ferðaþjónustu á næstu misserum, sköpunarverk eins þekktasta listamanns Íslands. Harpa er mikið tækifæri ef við kunnum að nýta það.

Við erum öll sammála um að mikil uppbygging þarf að verða á innviðum ferðaþjónustunnar á næstu árum. Til þess þurfum við öflugri tæki og betra skipulag en verið hefur, einfaldlega vegna þess að verkefnið er bæði risavaxið og fjölþætt.

Í fyrsta lagi vil ég nefna Framkvæmdasjóð ferðaþjónustunnar. Þegar þekktir ferðamannastaðir eru nefndir þá tengja flestir þá við náttúrufegurð eða einstök sérkenni en fólk í ferðaþjónustunni man fyrst og fremst eftir öllum þeim óunnu verkefnum sem þörf er á að ráðast í á þessum stöðum til þess að hlífa þeim og vernda fyrir ágangi og náttúruspjöllum. Ætlunin er að afla fjár til Framkvæmdasjóðsins með sérstöku gjaldi en hóflegu en nefnd á vegum fjármálaráðherra, sem Samtök ferðaþjónustunnar átti aðild að, fjallaði ítarlega um. Verkefni þessarar nefndar var ekki auðvelt en þýðing þess þó gríðarleg fyrir framtíð íslenskrar ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar.

Með þessu ferðamálagjaldi geta komið verulegir fjármunir til úthlutunar á forsendum ferðaþjónustunnar. Ferðamálastofa vinnur að gerð áætlunar í samráði við ýmsa aðila þar sem lagt er mat á nauðsynlega uppbyggingu innviða

í ferðapjónustni. Áætlunin mun ná til uppbyggingar á fjölsóttum ferðamannastöðum og til aðgerða sem miða að fjölgun viðkomustaða ferðafólks og lengingar á ferðamannatímanum. Áætluninni mun fylgja forgangsröðun ásamt drögum að kostnaðaráætlun.

Í öðru lagi vil ég nefna Íslandsstofu en Alþingi mun afgreiða lög um hana á næstunni. Þegar hefur verið unnið mikið undirbúningsstarf sem ætti að gera það mögulegt að koma Íslandsstofu á laggirnar í góðu samkomulagi og með hraði eftir að Alþingi hefur samþykkt lögina. Ég vil láta það koma sérstaklega fram hér að samkomulag hefur verið um að Íslandsstofa verði sjálfstæð stofnun með blandaðri stjórn atvinnulífs og hins opinbera. Það er mikilvægt að Alþingi hrófli ekki við þeim grunni að atvinnulífið hafi meirihlutaítök í stjórn Íslandsstofu. Það er mikil nauðsyn á því að efla landkyrningu og markaðsstarf með því að leggja saman krafta ráðuneyta og atvinnulífs á vettvangi Íslandsstofu og tryggja að lagaramminn um þetta starf sé skýr og ótvíræður. Við vonumst öll þess að fjármagn til kynningar og markaðsmála nýtist betur en áður með einbeitingu og samlegðaráhrifum gegnum Íslandsstofu.

Í þriðja lagi nefni ég þáttöku ferðapjónustunnar í því atvinnuþróunar- og nýsköpunarstarfi sem hér hefur verið byggt upp á síðustu árum. Þarna hefur orðið gjörbreyting til hins betra eftir að ferðapjónustan færðist inn á áhrifasvið iðnaðarráðuneytisins. Fáar greinar nýta nú eins vel stuðningskerfi atvinnulífsins

eins og ferðaþjónustan með þátttöku í verkefnum á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Impru, Byggðastofnunar, Átaks til atvinnusköpunar og Ferðamálastofu. Við ætlum Ferðamálastofu að hafa forystu um skipulag innviða og atvinnuupbyggingar í greininni. En það er einnig mikilvægt að Samtök ferðaþjónustunnar hafa í vaxandi mæli sinnt starfsmenntun, símenntun og gæðamálum sem skipta sköpum fyrir framþróun í ferðaþjónustu á næstu árum. Ég tel einnig að vel hafi tekist til við uppbyggingu markaðsstofa í landshlutum og endurskipulagningu á starfsemi Ferðálasamtaka Íslands. Allt eru þetta liðir í að styrkja innviði greinarinnar og tryggja nýsköpun og þróun innan atvinnugreinarinnar.

Í fjórða lagi vil ég nefna stuðning við rannsóknir í ferðaþjónustu. Samanburður við aðrar atvinnugreinar er gjarnan notaður í því sambandi og kemur ferðaþjónustan vægast sagt illa út úr honum. Þarna þurfa fyrirtæki, ríki og svetiarfélög að taka sig á. Ýmislegt er þó gert þótt ekki fari hátt. Ráðuneytið hefur t.d. á ný samið við Hagstofu Íslands um framhald á gerð ferðaþjónustureikninga, Tourism Satellite Account, og verða niðurstöður birtar í nóvember á þessu ári. Það er gríðarlega spennandi að sjá þær upplýsingar en gögnin sem birt voru fyrir hálfu öðru ári náðu ekki að sýna sveiflurnar í kjölfar bankahrunsins.

Þá vinnur Ferðamálastofa nú að því í samráði við Háskóla Íslands að hafist verði handa við gerð landnýtingaráætlunar hálendisins þegar á þessu sumri. Þróunin hefur verið jákvæð úr 69 millj. 2007 í 97 millj. 2009. Halda ber áfram á þessari braut. Áhersla á rannsóknir er mikilvæg og undirstaða atvinnugreinarinnar.

Góðir áheyrendur!

Óviðunandi háskaleikur á Langjökli nýlega hefur beint sjónum okkar enn á ný að því hve ferðapjónustan er margslungin atvinnugrein og stundum beinlínis hættuleg. Þetta kallar á endurskoðun á ábyrgð fyrirtækjanna og því hvað stjórnvöld geta gert til að tryggja betur öryggi ferðafólks hér á landi.

Starfshópur sem vinnur á mínum vegum að endurskoðun laga um ferðamál hefur nú lagt fram tillögur um svigrúm til að gera megi sérstakar kröfur til áhættusamrar starfsemi á borð við jöklaferðir.

Samtímis lagði starfshópurinn fram tillögu um að mat á tryggingum ferðaskrifstofa verði sveigjanlegra vegna þess tímabundna ástands sem nú ríkir. Þannig verði tryggingar ekki metnar einungis á grundvelli upplýsinga frá fyrra ári heldur verði einnig mögulegt að taka tillit til niðurveiflu á yfirstandandi ári.

Ég mun mæla fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um skipan ferðamála á yfirstandandi þingi þar sem tekið er á þessum tveimur stóru málum ferðapjónustunni til hagsbóta.

Að lokum vil ég leggja áherslu á gæði í ferðapjónustu.

Gæði og aftur gæði eru grunnstefið í hugmyndum okkar um ferðamannaparadísina Ísland. Hér á landi eru fjölmörg fyrirtæki í ferðapjónustu sem slá hvergi af kröfum til sjálfra sín og eiga því þátt í að gera dvöl ferðamannsins ánægjulega. Fúsk og andvaraleysi á ekki að sjást í svo viðkvæmri þjónustugrein, - að höndla með dýrmætan frítíma fólks er vandasamt verkefni en bæði skemmtilegt og gefandi þegar vel tekst til. Ameiginlegt hagsmunamál okkar allra.

Ferðamálastofa hefur í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands skoðað þau fjölmörgu gæðakerfi sem til eru í heiminum og komist að þeirri niðurstöðu að gæða- og umhverfsvottunarkerfi byggt á ný-sjálenska kerfinu QualMark henti best íslenskum aðstæðum. Nú stendur yfir vinna að þróun og innleiðingu slíks kerfis, sem mun taka til flestra anga ferðapjónustunnar, en stefnt er að því að hefja innleiðinguuna þegar á þessu ári. Gott samstarf er milli hins opinbera og aðila ferðapjónustunnar um þetta verkefni og er afar ánægjulegt að upplifa áhuga ferðapjónustuaðila og metnað í þessum efnum.

Það eru erfiðir tímar á Íslandi tímabundið. Sterk ferðapjónusta er sterkara Ísland. Samstarf og samráð er nauðsynlegt. Áríðandi er að fara í

markaðssetningu, en því fylgir ábyrgð, jöfn dreifing um landið og yfir árið, uppbygging fjölsóttustu staðanna og rannsóknir eru nauðsynlegar.

Ég vil þakka Samtökum ferðaþjónustunnar fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf og óska samtökunum bjarrar framtíðar.